

- b) Innflytjandi leggi stund á brauð-, kex- og/eða sælgætisgerð og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar eða

innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu framleiðslufyrirtæki og framvisi jafnframt yfirlýsingu frá framleiðanda (framleiðendum) nefndra vara um að viðkomandi vörusending (hluti vörusendingar) sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til nefndrar framleiðslu eingöngu.

- c) Tollyfirvaldi er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum sé það talið nauðsynlegt til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

Ráðuneytið getur að fenginni skriflegri beiðni þar að lútandi heimilað innkaupasamböndum hér umræddra iðnfyrirtækja að tollafgreiða vörur skv. 1. gr. án þess að framvísað sé hverju sinni yfirlýsingu frá framleiðendum skv. b-lið 2. gr.

### 3. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., 5. gr. laga nr. 33 29. maí 1980 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og 6. gr. laga nr. 58 31. maí 1979 um sérstakt tímabundið aðlögunargjald til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 366 14. september 1979 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 24. nóvember 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

*Björn Hafsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 102 30. janúar 1980 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 337

3. júlí 1980 um breyting á henni.

### 1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi sem heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu

einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

| A. Áfengi:                                                                                                 | 0,375 l   | 0,50 l            | 0,75 l | 1,0 l  |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|-------------------|--------|--------|
| 1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín .....                                                       | kr. 1 800 | 2 100             | 2 800  | 3 500  |
| 2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar .....                                                    | — 2 100   | 2 400             | 3 200  | 4 000  |
| 3. Íslenskar áfengistegundir .....                                                                         | — 6 300   |                   | 12 000 |        |
| 4. Koniak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a. .... | — 7 700   | 9 100             | 12 900 | 15 800 |
| B. Tóbak:                                                                                                  |           |                   |        |        |
| 1. Reyktóbak .....                                                                                         | kr. 8 100 | pr. tylft eða lb. |        |        |
| 2. Vindlingar .....                                                                                        | — 10 300  | — 200 stk.        |        |        |
| 3. Smávindlar .....                                                                                        | — 1 200   | — 10 —            |        |        |
| Meðalstærð .....                                                                                           | — 5 300   | — 25 —            |        |        |
| Vindlar, aðrir .....                                                                                       | — 7 300   | — 25 —            |        |        |

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi töllyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til rikissjóðs.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 337/1980 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

*Björn Hafsteinsson.*